

**Ed.**

**25. Nefndarátt**

um frumvarp til laga um raforkuvirki.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og er hún sammála um, að þörf sje fyrir lög um þetta efni, en þau hafa ekki verið til síðastl. 2 ár, eða síðan lög um rafmagnsveitur frá 1915 fjellu úr gildi 1. jan. 1924.

Leggur því nefndin til, að háttv. deild samþ. frv. með eftirfarandi

**BREYTINGUM.**

1. Við 4. gr. Á eftir orðunum »og má þá« bætist inn í: er  $\frac{4}{5}$  hlutar leyfis-  
timans eru liðnir.
2. Við 6. gr. Í staðinn fyrir »miður búin tryggingum« í niðurlagi 1. máls-  
greinar komi: miður trygg.
3. Við 7. gr. a. Á eftir orðunum »verkum þeirra« bætist inn í: svo og um  
sektir, alt að 500 krónum, fyrir brot gegn reglugerðinni.  
b. Fyrir »6. gr.« í enda greinarinnar komi: 5. gr.

Alþingi, 12. febrúar 1926.

Jóh. Jóhannesson,  
form.

Eggert Pálsson,  
fundaskrifari.

Guðm. Ólafsson,  
frsm.